

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Helguvík Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	26.9.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan Helguvík	<b>Fulltrúi UST</b>	Ásgeir Björnsson
<b>Heimili</b>	Stakksbraut 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eggert Einarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	326111,902 396024,62

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram tvö frávik frá starfsleyfi þar sem að niðurstöður frárennismælinga voru yfir mörkum og frárennislisop liggur út í hafnarsvæðið.

Auk þess voru tvær athugasemdir gerðar við reksturinn vegna skráninga á spilliefnum og mælinga á sýrustigi sýru og vítissóða við losun.

## UMFANG EFTIRLITS

Verksmiðjan var ekki í gangi þegar eftirlitið fór fram, en vertiðinni lauk 23. september sl. Undanþága frá Umhverfis og Auðlindaráðuneytinu um aukna framleiðsluheimild, allt að 1200 tonnum af hráefni á sólarhring, rann út 1.júní 2013 og starfar Síldarvinnslan því eftir starfsleyfi frá 4.mars 2002 sem heimilar framleiðslu á 900 tonnum af hráefni á sólarhring.

Eftirlitið hófst með yfirferð á gildandi starfsleyfi.

Gildandi starfsleyfi heimilar framleiðslu á 900 tonnum af hráefni á sólarhring og hefur framleiðslan verið innan þeirra marka.

Tilkynnt var um gangsetningu vegna loðnuvinnslu 2.mars 2013 og vegna makrílsvinnslu 17.júlí 2013.

TVN mælingum var skilað til UST 12.desember 2012, 11.apríl 2013 og 19.september 2013 í samræmi við ákvæði í gr. 3.19. í starfsleyfi og voru þær allar innan losunarmarka.

Skýrsla um frárennismælingar frá apríl 2013 var afhent í eftirlitinu.

Grænu bókhaldi 2012 var skilað sameiginlega fyrir allar síldarvinnslurnar 28.maí 2013.

Farið var yfir frárennismál.

Frárennislisop síldarvinnslunnar liggur út um hafnarbakka B í Reykjaneshöfn sem er óheimilt skv reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Síldarvinnslan er í viðræðum við hafnaryfirvöld í Reykjaneshöfn um lagningu fráveitu út fyrir hafnargarðinn. Æskilegt er að Síldarvinnslan sækir um undanþágu til Umhverfis og Auðlindaráðuneytisins og óski eftir úrbótafrest þar til að lausn fæst í þessu máli.

Í tengslum við frávik í síðasta eftirliti óskaði UST eftir nýjum frárennismælingum í byrjun árs þar sem að fyrri frárennisskýrsla var ekki fullnægjandi. Niðurstöður frárennismælinga frá apríl 2013 sýna fitu yfir losunarmörkum.

Ekki liggja fyrir skráningar á mælingum á sýrustigi við losun sýru og vítissóða í frárennslis eins og kveðið er á um í grein 4.2 í starfsleyfi.

Rætt var um úrgangsmál.

Úrgangur frá Síldarvinnslunni er í litlum mæli þar sem að stærstur hluti hans er endurnýttur í ferlinu. Fita og föst efni sem hreinsuð eru úr fituskilju eru endurnýtt í framleiðsluna og mjölpokar eru þvegnir og endurnýttir. Eitt hvað fellur þó til af mjölpokum, rafgeymum og fleira þh. sem Hringrás tekur við. Úrgangur þessi er ekki skráður. Litið var á kvittanir frá Hreinsitækni um tæmingu á fituskilju og oliugildru frá 30.júní sl.

Þá var rætt um nýtt starfsleyfi sem er í vinnslu.

Starfsleyfisgerðin er á lokastigi en það er búið að fara í gegnum auglýsingarferli og umsagnarfrestur er liðinn. Verið er að vinna úr athugasemdum. Leysa þarf frárennismál áður en unnt er að veita nýja starfsleyfið. Samkvæmt tillögu að starfsleyfi skulu mælingar gerðar útblásturshraða í skorsteini fyrir 1.janúar 2014. Eins skal gera eina mælingu á útblæstri frá olíubrennum og hávaða fyrir árslok 2015.

Ein kvörtun um lyktarmengun barst stofnuninni 19.september sl um lyktarmengun frá íbúa í Reykjanesbæ. UST óskaði eftir upplýsingum um hráefnisnotkun þennan dag. TVN mælingar og hitastig hráefnis var vel undir leyfilegum mörkum. Rætt var um mögulegar ástæður og úrbætur. Útblástursmælingar verða gerðar á næsta ári (2014) í tengslum við útgáfu nýs starfsleyfis.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Farið var yfir framleiðsluferlið og farið yfir loftræstingu. Unnið er að frágangi lóðar þar sem að hlutar hennar eru ósteyptir. Framkvæmdirnar eru langt á veg komnar. Snyrtilegt var um að líttast í verksmiðjunni.

**Frávik frá**

Grein 3.8 í starfsleyfi

**Lýsing á frávik**

Frárennslisop liggur út um hafnarbakka B í Reykjaneshöfn sem er í ósamræmi við grein 9.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ

Grein 3.9 í starfsleyfi

Fita í frárennslis mælist yfir losunarmörkum í grein 3.9 í starfsleyfi.

**ATHUGASEMDIR**

Athugasemd er gerð við skráningu spilliefnum. Rekstraraðila ber að skrá magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðva sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi.

Skráningum mælinga á sýrustigi sýru og vífissóða við losun sbr. ákvæði í gr. 4.2 í starfsleyfi er ábótavant. Skráningar þessar skulu vera aðgengilegar í eftirliti.

Grænu bókhaldi á að skila fyrir 1.maí ár hvert í samræmi við ákvæði í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

Reykjavík, 24.10.2013

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.